

## 5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 26. apríl 2005 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er frá sama tíma felld úr gildi reglugerð nr. 304, 3. maí 1999, um úthafsækjuveiðisvæði og notkun seiðaskilju við rækjuveiðar.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 22. apríl 2005.*

F. h. r.

**Vilhjálmur Egilsson.**

*Þórður Eyþórsson.*

## REGLUGERÐ

### um endurgreiðslu vegna kaupa á ökumælum.

## 1. gr.

Heimilt er, að uppfylltum skilyrðum reglugerðar þessarar, að endurgreiða útlagðan kostnað vegna kaupa eða nauðsynlegrar endurnýjunar á ökumælum í bifreiðar sem nota annan orkugjafa en bensín og eru á bilinu 4.000 kg til 9.999 kg að leyfðri heildarþyngd.

## 2. gr.

Endurgreiðsla ökumæla samkvæmt 1. gr. skal vera sem hér segir:

- a. Þeir sem keyptu mæla frá 18. júní 2004 til 31. október 2004 fá endurgreiddan 1/5 hluta.
- b. Þeir sem keyptu mæla frá 1. nóvember 2004 til 31. janúar 2005 fá endurgreidda 2/5 hluta.
- c. Þeir sem kaupa mæla frá 1. febrúar 2005 til 30. apríl 2005 fá endurgreidda 3/5 hluta.
- d. Þeir sem kaupa mæla frá 1. maí 2005 til 30. júní 2005 fá endurgreidda 4/5 hluta.

Endurgreiðsla skal að hámarki nema 6.000 kr. samkvæmt a-lið, 12.000 kr. skv. b-lið, 18.000 kr. skv. c-lið og 24.000 kr. skv. d-lið.

## 3. gr.

Umsókn um endurgreiðslu skal beint til ríkisskattstjóra eigi síðar en 1. október 2005.

Umsókn skv. 1. mgr. skal vera á sérstöku eyðublaði í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Einungis skráður eigandi bifreiðar á rétt á endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari.

Ríkisskattstjóri skal rannsaka umsókn um endurgreiðslu og ganga úr skugga um að skilyrðum reglugerðar þessarar sé fullnægt. Ríkisskattstjóri skal að rannsókn lokinni tilkynna innheimtumanni ríkissjóðs um samþykki sitt til endurgreiðslu sé skilyrðum reglugerðarinnar fullnægt. Innheimtumaður annast endurgreiðslu.

## 4. gr.

Umsókn um endurgreiðslu skal fylgja afrit fullnægjandi reiknings frá verkstæði sem ríkisskattstjóri hefur veitt heimild til að setja ökumæla í bifreiðar, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 308/1996, um ökumæla, verkstæði, álestraraðila og eftirlitsaðila þungaskatts.

## 5. gr.

Eigi skal endurgreiða útlagðan kostnað vegna kaupa og ísetningar á ökuritum er notaðir eru sem þungaskattmælar. Ákvæði þetta tekur til ökurita þeirra ökutækja sem skylt er að nota ökurita samkvæmt reglugerð nr. 136/1995, um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl., með síðari breytingum, í innanlandsflutningum og við flutning innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Eigendur ökutækja sem skylt er að nota ökurita samkvæmt reglugerð nr. 136/1995 fá ekki endurgreiddan útlagðan kostnað vegna kaupa og ísetningar á öðrum ökumælum.

## 6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 22. apríl 2005.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

---

*Vala R. Þorsteinsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um endurgreiðslu olúgjalds til sendimanna erlendra ríkja.

## 1. gr.

Erlend sendiráð og sendierindrekar (diplomatic agents) skulu fá endurgreitt olúgjald af gas- og dísilolífu sem gjaldskyld er samkvæmt lögum nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald, vegna bifreiða í þeirra eigu.

## 2. gr.

Til þess að hljóta endurgreiðslu skv. 1. gr. verður bifreið að vera á sérstökum skráningarmarkjum fyrir ökutæki erlendra sendiráða og erlendra sendiráðsmanna, sbr. 25. gr. reglugerðar nr. 751/2003, um skráningu ökutækja, með síðari breytingum.

## 3. gr.

Umsókn um endurgreiðslu skal beina til utanríkisráðuneytisins og fylgi umsókn frumrit af þeim reikningum sem endurgreiðslubeiðni er byggð á. Eftir að utanríkisráðuneytið hefur gengið úr skugga um að í hlut eigi aðilar er undir reglurnar falla sendir það Ríkisendurskoðun endurgreiðslubeiðni ásamt þeim reikningum er umsókn fylgja. Að lokinni endurskoðun reikninga sendir Ríkisendurskoðun þá til viðkomandi sendiráðs með áritun um endurgreiðslu en sendir endurgreiðslubeiðni til ríkisfóhvirðis til afgreiðslu.

Ekki verður um endurgreiðslu að ræða nema heildarfjárhæð reikninga á því tímabili sem endurgreitt er fyrir nemi a.m.k. 10.000 kr. með virðisaukaskatti. Ríkisendurskoðun skal heimila endurgreiðslu innsendra reikninga vegna fastra mánaðarlegra reikningsviðskipta nái heildarfjárhæð slíkra reikninga a.m.k. 10.000 kr. með virðisaukaskatti.